



Til menntaráðs.

Kópavogi, 27. febrúar 2026
26022644/202.00 ABS

Efni: Upplýsingar um framvindu og undirbúning vegna nýs skóla í Vatnsendahvarfi.

Uppbygging á nýju hverfi í Vatnsendahvarfi hefur verið í undirbúningi á umhverfissviði bæjarins síðustu mánuði. Fyrirhugað er að þar rísi byggð 500 íbúða og gerir samþykkt deiliskipulag ráð fyrir byggingu samrekins leik- og grunnskóla fyrir börn í 1.-4. bekk.

Vatnsendahvarf liggur samhliða skólahverfum Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla. Vegna væntrar fjölgunar grunnskólanemenda og leikskólabarna í Vatnsendahvarfi og uppbyggingar á nýjum skóla hafa aðilar lýst yfir áhuga á því að skoða möguleika þess að annast rekstur nýs samrekins leik- og grunnskóla í hverfinu. Huga þarf að mörgum þáttum í ferlinu og hefur starfsfólk á menntasviði, umhverfissviði og skrifstofu áhættu- og fjárstýringar unnið að því að stilla upp ólíkum sviðsmyndum varðandi þróun nemendafjölda í skólahverfunum tveimur. Allt með það að markmiði að undirbúningur byggingar skólalúsnæðis og rekstur skólans geti gengið farsællega.

Leitað hefur verið álits lögfræðipjónustu og innkaupadeildar um réttar og löglegar leiðir til þess að semja við aðila um að hefja rekstur nýrrar menntastofnunar samrekins leik- og grunnskóla ef til þess kæmi. Sjálfstætt reknir leik- og grunnskólar starfa samkvæmt lögum um grunnskóla á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélagið. Í þeim efnum er sveitarfélögum skylt skv. 43. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008 að gera þjónustusamning um rekstur grunnskóla við rekstraraðila sem uppfyllir skilyrði þess að reka slíka menntastofnun. Það er ljóst að Kópavogsbær mun gera mjög ríkar kröfur til rekstraraðila sem lýsa áhuga á rekstri skólans með það að markmiði að skólinn verði eftirsóknarverður valkostur fyrir nemendur í skólahverfum Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla. Áætlanir munu miða að því að létta á álagi í þessum tveimur skólum samhliða því að nýtt hverfi byggist upp.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

